## Rafræn veikindaskráning aðstandanda nemenda undir 18 ára aldri á Innu

Foreldrar/forráðamenn eru beðnir um að skrá veikindi nemenda undir 18 ára beint inn í **Innu**. Til að skrá sig í Innu þurfið þið að velja flipann Inna til hægri á heimasíðu skólans. Hægt er að fara inn með íslykli eða með því að setja inn kennitölu og panta nýtt lykilorð fyrir INNU sem þá kemur í tölvupósti á netfang viðkomandi.

**Eingöngu er hægt að skrá veikindi samdægurs.**




Þar eru skráðar veikindatilkynningar ásamt því að setja inn athugasemd ef við á. Veikindatilkynning er send inn með því að smella á pennann og þá kemur upp tilkynning ef skráning tókst.




Starfsmaður skólans þarf að samþykkja veikindaskráningu í gegnum Innu til þess að það færist inn í viðveruskráningu nemandans. Þegar veikindaskráning er staðfest þá sendist póstur á þann sem átti færsluna.